

Reykjavík, 4. mars 2024

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti
Borgartúni 26
105 Reykjavík
urn@urn.is

Bls. | 1

Efni: Umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 96/2023 um viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir (ETS2-kerfið)

Hinn 19. febrúar síðastliðinn birti umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 96/2023 um viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir (ETS2-kerfið), á samráðsgátt stjórnvalda. Frumvarpsdrögin hafa verið tekin til skoðunar á vettvangi Samtaka atvinnulífsins, Samtaka ferðaþjónustunnar, Samtaka iðnaðarins, SVP – Samtaka verslunar og þjónustu og Viðskiptaráðs Íslands (hér eftir sameiginlega nefnd *samtökin*). Með umsögn þessari vilja samtökin koma á framfæri athugasemdum og ábendingum við frumvarpsdrögin en hér má finna samantekt yfir helstu atriði:

- Með ETS-2 kerfinu er ætlunin að flýta orkuskiptum með því að gera losunarfríar eða losunarminni eldsneytislausnir fýsilegri í kostnaðarlegu tilliti samborið við notkun jarðefnaeldsneytis. Forsenda árangurs kerfisins er hins vegar sú að slíkar lausnir séu eða verði til og þær verði fýsilegt að nýta því að öðrum kosti getur kerfið hæglega dregið úr framleiðslugetu fyrirtækja, skert samkeppnisstöðu þeirra og skert lífskjör almennings.
- Samtökin telja áhrif innleiðingarinnar ekki nægjanlega metin t.d. frá sjónarhóli samfélagslegs kostnaðar sem til stofnast í kjölfar innleiðingarinnar.
- Að mati samtakanna þarf að skýra betur nokkur ákvæði frumvarpsins, þ.e. þau er varða *vörugjöld, starfsemi og eldsneyti*.
- Samtökin telja lagaákvæði sem heimilar Umhverfisstofnun að áætla losun tilkynningarskylds aðila ekki eiga stoð í Evrópugerðum um ETS losunarheimildir.
- Samtökin telja skorta á stefnumörkun stjórnvalda um hvernig fara skuli með ríkistekjur vegna innleiðingar ETS-2 kerfisins. Nauðsynlegt er að tryggja gagnsæi við framkvæmd og innleiðingu kerfisins í samvinnu við atvinnulífið og almenning og tryggja samræmi við stefnu ETS-tilskipunarinnar, þ.e. að tekjum skuli að mestu varið til umhverfismála og til stuðnings orkuskipta.
- Þá telja samtökin mikilvægt að skýrt liggi fyrir hvort til standi að mæta kröfum ETS-2 kerfisins með þeim úrræðum sem regluverkið gerir beinlínis ráð fyrir eða hvort farin verði hjáleid sem felur í sér hækkun innlands kolefnisgjalds. Standi til að fara hjáleidina er mikilvægt skattþækkar komi ekki fram fyrr verð á ETS-2 losunarheimildum hefur myndast auk þess sem tryggja verður að skattstofn kolefnisgjalds verði ekki rýmri en skattgildisstofn ETS-2 kerfisins.

Almennt

Verði frumvarpsdrögin óbreytt að lögum munu ákvæði þeirra, ásamt ákvæði til bráðabirgða VI í lögum nr. 96/2023, hafa það í för með sér að á fyrirtæki sem annast innflutning á eldsneyti verða felldar eftirfarandi skyldur:

1. Skylda til öflunar leyfis til losunar gróðurhúsalofttegunda fyrir 1. janúar 2025.
2. Skylda til að upplýsa um losun ársins 2024, eigi síðar en 30. apríl 2025, vegna afhendingar jarðefnaeldsneytis til flokka bygginga, vegasamganga og viðbótargeira það ár ásamt upplýsingum um endanotkun (sjá ákvæði til bráðabirgða VI í lögum nr. 96/2003).
3. Skylda til að safna og veita upplýsingar, vottaðar af faggiltum aðila, um losun vegna notkunar eldsneytis að því leyti sem notkunin fellur undir flokka bygginga, vegasamganga og viðbótarstarfsemi, frá 1. janúar 2025 að telja.
4. Skylda til að afhenda ETS-2 loftslagsheimildir sem samræmast upplýstri losun frá afhentu eldsneyti hinn 31. maí 2028 vegna losunar ársins 2027.
5. Skylda til að upplýsa um meðalkostnað vegna kaupa á ETS-2 loftslagsheimildum sem rataði út í verðlag næstliðið ár frá og með 2028 að telja.
6. Skylda til að greiða fyrir þjónustu Umhverfisstofnunar vegna útgátu losunarleyfis, yfirferð og umsýslu skýrslna, samþykkt vöktunaráætlana, breytinga á þeim og eftir atvikum gerðar áætlunar.

Bls. | 2

ETS-2 kerfinu ætlað að skapa samræmt kolefnisverð á EES-svæðinu vegna losunar frá tiltekinni starfsemi. Í stað þess að losun sem slík sé verðlögð með beinum hætti í anda mengunarbótareglunnar, þ.e. hjá losunarvaldi, er lagt upp með að verðleggja losunina frammar í virðisdeðjunni og láta verðlagninguna birtast sem rekstrarkostnað hjá innflytjendum, og eftir atvikum innlendum framleiðendum eldsneytis. Því má halda fram að í grunninn byggist verðlagningin á hugmyndafræði Arthur Cecil Pigou um verðlagningu neikvæðra ytri áhrifa í iðnaði. Með ETS-kerfinu er hins vegar gengið lengra þar sem neikvæð ytri áhrif losunar eru í raun ekki verðlögð með hliðsjón af samfélagslegum kostnaði heldur er kerfið stjórntæki sem ætlað er að stuðla að hröðum samdrætti losunar og að lokum kolefnishlutleysi. Kerfið hefur einkenni umhverfisskattlagningar en af lestri aðfararorða tilskipunar (ESB) 2023/959 verður þó ráðið að litið hafi verið til sjónarmiða um orkusjálfstæði ESB við gerð hennar.

Með nokkurri einföldum má segja að ETS-2 kerfið stefni að stigvaxandi hækkun kostnaðar vegna notkunar jarðefnaeldsneytis með það í huga að losunarfríar eða losunarminni eldsneytislausnir verði fýsilegri í kostnaðarlegu tilliti en nú er. Vitaskuld er forsenda árangurs kerfisins sú að slíkar lausnir séu eða verði til og þær verði fýsilegt að nýta því öðrum kosti getur kerfið hæglega dregið úr framleiðslugetu fyrirtækja, skert samkeppnisstöðu þeirra og lífskjör almennings. Um þetta var ESB meðvitað enda er m.a. gert ráð fyrir því í innan ESB að tekjum af uppboði ETS-2 loftslagsheimilda verji aðildarríki sambandsins m.a. til nýsköpunar og þróunar á sviði orkuskipta og loftslagsmála og til að koma til móts við þá hópa sem verða fyrir skakkaföllum vegna áhrifa kerfisins. Þannig er tekjunum bæði ætlað það hlutverk að margfalda áhrif kolefnisverðlagningarinnar m.t.t. orkuskipta og að milda kostnaðaráhrif.

Áhrif

Í 6. kafla greinargerðar frumvarpsins er fjallað um mat á áhrifum á hið opinbera, annars vegar m.t.t. kostnaðar við undirbúning og rekstur ETS-2 kerfisins hér á landi og hins vegar m.t.t. væntra tekna ríkisins af sölu ETS-2 loftslagsheimilda. Í stuttu máli er lagt upp með kostnaðarhlutleysi vegna reksturs kerfisins og tekjuauka vegna sölu heimilda. Ekki er hins vegar gerð tilraun til mats á samfélagslegum áhrifum. Má til hliðsjónar t.d. benda á að skv. 2. málsl. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 70/2012, um loftslagsmál, skulu aðgerðir samkvæmt aðgerðaáætlun um loftslagsmál metnar m.t.t. áætlaðs kostnaðar auk þess sem þeim skal fylgja mat á loftslagsávinningi.

Bls. | 3

Eins og áður segir stefnir ETS-2 kerfið beinlínis að því að auka kostnað fyrirtækja og almennings vegna notkunar eldsneytis sem hefur losun í för með sér. Markaður fyrir ETS-2 losunarheimildir verður virkur á árinu 2027 og verð þá taka að myndast. Til 31. desember 2029 er gert ráð fyrir verði á heimildum verði haldið neðan 46 evra tCO₂ en sú fjárhæð mun þó taka breytingum í samræmi við verðlag. Eftir þá dagsetningu er óljóst hvað tekur við.

Í 6. kafla greinargerðar frumvarpsins er fjallað um ýmsar tölur sem unnt er að nota til viðmiðunar við mat á áhrifum. Heildarfjöldi útgefna ETS-2 losunarheimilda verður fyrst ákvarðaður árið 2027 og mun taka mið af losun árána 2016–2018, sem nam hér á landi 1.037 þús. tCO₂ samkvæmt upplýsingum sem koma þar fram. Í kaflanum er þess jafnframt getið að áætlað sé að losun innan ETS-2 muni nema um 926 þús. tCO₂ árið 2027 og 717 þús. tCO₂ árið 2032. Miðað við að verð á ETS-2 losunarheimildum muni nema 45 evrum á tCO₂ framangreind ár og það kosti 150 kr. að kaupa hverja evru mun beinn kostnaðarauki eftirlitsskyldra aðila hæglega geta numið hátt í 6,3 milljörðum kr. árið 2027 og rúmum 4,8 milljörðum kr. árið 2032. Þó þessar tölur séu háðar fyrirvörum um heildarmagn heimilda á markaði, áhrif fækkunar heimilda, verðþróun olíu, framkomu og útbreiðslu nýrra orkuskiptalausna og almenna verðþróun heimilda virðist skynsamlegt að miða við að framangreindur kostnaðarauki muni koma fram og leita út í verðlag jarðefnaeldsneytis með einum eða öðrum hætti. Endanleg áhrif munu hins vegar ráðast af því hvort stjórnvöld muni á einhvern hátt bæta samfélaginu kostnaðaróhagræðið eða nýta tækifærið til hreinnar tekjuaukningar. Til samanburðar má benda á að ef kostnaðaraukinn árið 2027 ratar af fullum þunga út í verðlag mun það jafngilda tekjuaukningu sem nemur 17,2% af tekjum ríkisins af öllum vörugjöldum af eldsneyti árið 2024 miðað við tekjuáætlun fjárlaga líðandi árs. Því er auðsætt að umfang áhrifa frumvarpsins geta orðið töluverð.

Til viðbótar við framangreint munu þær stjórnsýslubyrðar sem lagðar verða á eftirlitsskylda aðila við samþykkt frumvarpsins framkalla kostnað, bæði vegna eigin vinnu og fjárfestingar í kerfum og ferlum og ekki síður vegna kaupa á þjónustu af Umhverfisstofnun. Engin leið er hins vegar á þessum tímapunkti fyrir samtökin til að leggja mat á þennan kostnað en óhætt er að telja líkur á að hann muni rata út í verðlag á eldsneyti eins og kostnaður við kaup á ETS-2 heimildum. Í frumvarpinu er ekki gerð tilraun til að festa fingur á slík áhrif.

Eftirlitsskyldir aðilar og starfsemi

Í 2. gr. frumvarpsins er lagt upp með að skilgreiningu á eftirlitsskyldum aðila verð bætt við 2. gr. laganna og er skilgreiningin svohljóðandi:

Eftirlitsskyldur aðili: að því er varðar VII. kafla A. er átt við sérhvern einstakling eða lögaðila, að undanskildum lokaneytanda eldsneytis, sem stundar starfsemi sem getið er í II. viðauka og er ábyrgur fyrir greiðslu vörugjalda af eldsneyti.

(Undirstrikun samtakanna)

Samkvæmt skýringu við 2. gr. frumvarpsins byggist skilgreiningin á ae-lið 3. gr. tilskipunar 2003/87/EB og vísar til tilskipunar (ESB) 2020/262 um vörugjöld og tilskipunar 2003/95/EB um skattlagningu orkuvara og rafmagns. Þó segir:

Hvorug þessara tilskipana hafa verið teknar upp í EES-samninginn en efnislega er vísað til þeirra aðila er greiða vörugjöld af eldsneyti. Á Íslandi eru það dreifingaraðilar olíu sem greiða vörugjöld af eldsneyti.

Vörugjöld

Skilgreining ae-liðar 3. gr. ETS-tilskipunarinnar er ítarlegri en skilgreining frumvarpsins enda vísar hún til gerða sem ekki eru hluti af EES-samningnum. Þó hugtakið vörugjald sé e.t.v. mörgum hugleikið leiðir það ekki með skýrum hætti af lögum enda hafa lög um vörugjald verið felld niður en eftir standa lög nr. 29/1993, um vörugjöld af ökutækjum og eldsneyti, lög nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald og lög nr. 129/2003, um umhverfis- og auðlindaskatta, þar sem í ýmsu tilliti er kveðið á um skattlagningu eldsneytis. Gildissvið þeirra er þó ólíkt m.t.t. eldsneytis en í öllum tilvikum nær það jafnt til innflytjenda og innlendra framleiðenda.

Starfsemi

Eins og fram hefur komið þurfa þeir sem greiða vörugjöld af eldsneyti einnig að teljast stunda starfsemi skv. viðauka II í frumvarpinu til að þeir falli undir skilgreiningu á eftirlitsskyldum aðilum. Óhætt er að segja að tilgreining starfseminnar sé flókin. Í fyrsta lagi þurfa viðkomandi að annast afhendingu eldsneytis og í öðru lagi þarf afhendingin að vera gerð til notkunar eldsneytisins til brennslu í geirum bygginga, vegasamgangna og viðbótargeira. Í a-, b- og c-liðum 1. mgr. viðaukans eru tiltekin not undanþegin starfsemihugtakinu en í 2. mgr. viðaukans er vísað til skilgreininga í leiðbeiningum milliríkjanefndarinnar um loftslagsbreytingar (IPCC) um landsbókhald yfir gróðurhúsalofttegundir frá 2006 sem samkvæmt skilningi samtakanna hafa ekki fengið lagagildi hér á landi og virðast að því er best verður séð ekki vera til í íslenskri þýðingu. Í leiðbeiningunum er jafnframt í ýmsu tilliti vísað til ÍSAT-flokkunar. Svo dæmi sé tekið má gera ráð fyrir að undir afhendingu eldsneytis til notkunar í geira bygginga muni falla afhending til eftirfarandi nota, á ensku:

1 Energy: All GHG emissions arising from combustion and fugitive releases of fuels. Emissions from the non-energy uses of fuels are generally not included here, but reported under Industrial Processes and Product Use.

A Fuel combustion activities: Emissions from the intentional oxidation of materials within an apparatus that is designed to raise heat and provide it either as heat or as mechanical work to a process or for use away from the apparatus.

4 Other sectors: Emissions from combustion activities as described below, including combustion for the generation of electricity and heat for own use in these sectors.

a Commercial / Institutional: Emissions from fuel combustion in commercial and institutional buildings; all activities included in ISIC Divisions 41, 50, 51, 52, 55, 63-67, 70-75, 80, 85, 90-93 and 99.

b Residential: All emissions from fuel combustion in households.

Eins og sjá má vísar 1A4a til ÍSAT-flokka sem ná yfir mannvirkjagerð, flutning á vatni, flutning í lofti, rekstur vöruhúsa og stuðningsreksturs í flutningastarfsemi, gistipjónustu, upplýsingatækniþjónustu, fjármálaþjónustu, tryggingastarfsemi, endurtryggingar og reksturs lífeyrissjóða, stoðþjónustu í fjármálastarfsemi, reksturs skrifstofa o.s.frv. Hins vegar vísar 1A4a t.d. ekki til reksturs fasteigna í leiguskygni, til reksturs lögfræði- og endurskoðunarþjónustu, leigustarfsemi, starfsstöðva ráðningarfyrirtækja o.s.frv.

Eldsneyti

Framangreindu til viðbótar verður ekki séð að hugtakið eldsneyti sé skilgreint í frumvarpinu. Það er hins vegar gert í af-lið 2. gr. tilskipunar 87/2003 með vísan til 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2003/96/EB sem ekki er hluti af EES-samningnum og þá ekki íslenskum lögum en þar segir á ensku:

‘fuel’ for the purposes of Chapter IVa of this Directive means any energy product referred to in Article 2(1) of Directive 2003/96/EC, including the fuels listed in Table A and Table C of Annex I to that Directive, as well as any other product intended for use, offered for sale or used as motor fuel or heating fuel as specified in Article 2(3) of that Directive, including for the production of electricity;

Í tilskipun 2003/96/EB er eldsneyti skilgreint með vísan til vöruflokka og tollskrárnúmera tollskrár ESB sem ekki er hluti af EES-samningnum en þar er einnig að finna fyrirvara sem m.a. undanþiggja tiltekna gerðir eldsneytis með hliðsjón af notkun og uppruna. Ekki verður betur séð en að eftirfarandi eldsneyti m.a. falli undir ETS-2:

- Sojabaunaolía, jarðhnetuolía, ólífuolía, páлмаolía, sólblómaolía, kókoshnetu-, pálmakjarna- eða babassúolía, repju-, kolsa- eða mustarðsolía
- Önnur dýra-, jurta- og örverufæti og -olía
- Jarðolíur og olíur fengnar úr tjörukenndum steinefnum
- Steinkol; töflur, vödur og áþekkt fast eldsneyti unnið úr steinkolum
- Kox og hálfkox úr steinkolum, brúnkolum eða mó
- Raðtengd kolvatnsefni og hringlaga kolvatnsefni
- Metanól (metylalkóhól)
- Smurefni
- Efni til varnar vélabanki, oxunartálmi, harpíxtálmi, smurbætiefni, tæringarvarnaefni og önnur tilbúin íblöndunarefni, fyrir jarðolíur

Örðugt er að átta sig á hvort framangreind skilgreining eldsneytis, sem fellur undir ETS-2, sem í ríkum mæli vísar til Evrópugerða sem ekki eru hluti af EES-samningnum, eigi að ráða ferðinni við afmörkun skyldna eftirlitsskyldra aðila eða hvort einvörðungu það eldsneyti sem ber vörugjöld samkvæmt íslenskum rétti eigi að teljast eldsneyti í skilningi frumvarpsins. Ljóst er að vörugjöld eru lögð á mun færri gerðir eldsneytis hér á landi en fellt er undir gildissvið ETS-2 innan ESB.

Samantekið

Af framangreindu má ljóst vera að það viðfangsefni að skera úr um hvort aðili teljist eftirlitsskyldur eður ei verður í einstökum tilvikum afar flókið. Sama mun eiga við þegar skorið verður úr um hvort veita eigi upplýsingar um afhendingu eldsneytis og fjárfesta í ETS-2 heimildum eður ei. Að auki mun afmörkun skyldna flækjast enn ef fletta þarf í tilskipun 2003/96/EB, sem ekki er hluti af EES-samningum, og tollskrá ESB til að átta sig á hvort eldsneyti sem afhent er falli undir skyldurnar eður ei. Óvissa ríkir um hvaða eldsneyti mun falla undir ETS-2 hér á landi eins og frumvarpið stendur.

Bls. | 6

Áætlun losunar

Í 3. mgr. c-liðar 5. gr. er gert ráð fyrir að Umhverfisstofnun verði heimilt að áætla losun eftirlitsskyldra aðila o.fl. reynist upplýsingagjöf þeirra ófullnægjandi. Ekki verður séð að sú heimild sæki stoð í ákvæði Evrópugerða öfugt við það sem við á um losun í flugrekstri skv. 70. gr. og 75. gr. reglugerðar (ESB) 2018/2066 þar sem miðað er við íhaldssama áætlun.

Ráðstöfun tekna af sölu ETS-losunarheimilda

Eins og áður segir er gert ráð fyrir því í 6. kafla greinargerðar frumvarpsins að íslenska ríkið njóti tekna af sölu ETS-2 losunarheimilda þegar þar að kemur. Hins vegar er ekki að finna í frumvarpinu neina stefnumótun um ráðstöfun þeirra. Um það er hins vegar ítarlega fjallað í 6. mgr. 30. gr. d. ETS-tilskipunarinnar en þar segir m.a. á ensku:

[...] Member States shall use their revenues or the equivalent in financial value of those revenues for one or more of the purposes referred to in Article 10(3) of this Directive, giving priority to activities that can contribute to addressing social aspects of the emissions trading under this Chapter, or for one or more of the following:

- (a) measures intended to contribute to the decarbonisation of heating and cooling of buildings or to the reduction of the energy needs of buildings, including the integration of renewable energies and related measures in accordance with Article 7(11) and Articles 12 and 20 of Directive 2012/27/EU, as well as measures to provide financial support for low-income households in worst-performing buildings;
- (b) measures intended to accelerate the uptake of zero-emission vehicles or to provide financial support for the deployment of fully interoperable refuelling and recharging infrastructure for zero-emission vehicles, or measures to encourage a shift to public transport and improve multimodality, or to provide financial support in order to address social aspects concerning low- and middle-income transport users;
- (c) to finance their Social Climate Plan in accordance with Article 15 of Regulation (EU) 2023/955;
- (d) to provide financial compensation to the final consumers of fuels in cases where it has not been possible to avoid double counting of emissions or where allowances have been surrendered for emissions not covered by this Chapter as referred to in Article 30f(5).

Member States shall be deemed to have fulfilled the provisions of this paragraph if they have in place and implement fiscal or financial support policies or regulatory policies which leverage financial support, established for the purposes set out in the first subparagraph of this paragraph, and which have a value equivalent to the revenues referred to in that subparagraph generated from the auctioning of allowances referred to in this Chapter.

Af framangreindu virðist ljóst að aðildarríkjum ESB ber að ganga úr skugga um að tekjum af sölu ETS-2 losunarheimilda verði varið til verkefna á sviði orkuskipta, réttláttra umskipta og greiðslu bóta vegna tvískattlagningar sem mun leiða af ETS-2, ETS-1 og innlendri skattlagningu. Þar með er stuðlað að réttlæti og mögnun áhrifa ETS-2 kerfisins.

Skoðun samtakanna er sú að horfa þurfi til þeirrar tekjumörkunar sem mun eiga sér stað innan ESB samhliða innleiðingu ETS-2 hér á landi. Öðrum kosti mun dregið úr virkni kerfisins við innleiðinguna hér á landi auk þess sem hætt er við að innleiðingin eigi sér stað í ósætti við atvinnulífið og borgara.

Bls. | 7

Frekari áform eru mjög óljós

Á tveimur stöðum í greinargerð frumvarpsins er að finna efnisumfjöllun þar sem komið er inn á tengsl ETS-2 við kolefnisgjald samkvæmt ákvæðum laga nr. 129/2009, um umhverfis- og auðlindaskatta. Í 5. kafla greinargerðarinnar kemur fram að þörf sé á áframhaldandi samráði við fjármála- og efnahagsráðuneyti vegna mögulegra áhrifa frumvarpsins á kolefnisgjald og í 6. kafla kemur fram að horfa þurfi til þess að aðlaga kolefnisgjald þegar fer að gæta áhrifa af þátttöku í ETS-2 kerfinu. Slíkar hugrenningar eru eðlilegar enda ekki til þess ætlast að losun sé skattlögð oftar en einu sinni.

Í þessu samhengi er rétt að rifja upp áform fjármála- og efnahagsráðuneytisins frá 3. nóvember 2023 um hækkun kolefnisgjalds, breytingu skattstofns þess og lækkun vörugjalds á bensín. Samkvæmt umfjöllun um áformin á samráðsgátt stjórnvalda er gert ráð fyrir að lagafrumvarp í þá veru verði lagt fram á líðandi löggjafarþingi. Fjárlög fyrir árið 2024 voru afgreidd fyrir síðustu áramót með 2,5 milljarða kr. gati sem til stendur að stoppa upp í með þessum hætti. Eitt af markmiðum áformanna er að draga úr líkum á að innflytjendur eldsneytis þurfi að kaupa ETS-2 loftslagsheimildir.

Í huga samtakanna eru framangreind skilaboð stjórnvalda afar óskýr og kalla samtökin eftir skýrri afstöðu stjórnvalda um væntanleg áform tengdri innleiðingu á ETS-2. Nauðsynlegt er t.a.m. að taka afstöðu til hvort nýta skuli hjáleik 3. mgr. 30. gr. e. ETS-tilskipunarinnar eða ekki og ef svo er, hvernig slíkt yrði útfært. Ef til þess kemur er nauðsynlegt að afmarka skattstofn kolefnisgjalds með hliðsjón af gildissviði ETS-2 sé kolefnisgjaldinu ætlað að mæta kröfum ETS-2 og tryggja að starfsemi sem ekki fellur undir gildissvið ETS-2 sæti ekki skatthækkun. Sé hækkun kolefnisgjaldsins sem áformuð eru ætlað að mæta innleiðingu á kröfum ETS-2 er að lokum mikilvægt að stjórnvöld ráðist ekki í slíkar skatthækkanir fyrr en verð hefur myndast á markaði fyrir ETS-2 losunarheimildir sem ætla má að verði á árunum 2027 og 2028.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins




Heiðrún Björk Gísladóttir
lögmaður á efnahags- og samkeppnissviði

f.h. Samtaka ferðaþjónustunnar



Baldur Arnar Sigmundsson
lögfræðingur

f.h. Samtaka iðnaðarins



Bjartmar Steinn Guðjónsson
viðskiptastjóri á mannvirkjasviði SI

f.h. SVP – Samtaka verslunar og þjónustu



Benedikt S. Benediktsson
lögfræðingur

f.h. Viðskiptaráðs



María Guðjónsdóttir
lögfræðingur